

Aðalfundur Beint frá býli, félags heimavinnsluaðila
haldinn að Efstadal 122. Apríl kl. 13:30

1. Fundarsetning
Guðmundur Jón Guðmundsson formaður bauð fundarmenn velkomna til sjötta aðalfundar félagsins.
2. Tillaga um Hönnu S. Kjartansdóttur sem fundarstjóra og Þorgrím Einar Guðbjartsson sem fundarritara. Samþykkt og tóku þau tafarlaust til starfa.
3. Ávörp gesta. Sigurður Loftsson formaður landssambands Kúabænda. Þakkaði fyrir að vera boðið að koma og ávarpa fundinn.
Sigurður fór yfir stöðu nautgriparæktar á Íslandi nú um stundir. Mikil sala í mjólkurafurðum og nautakjöti. Mismunandi ástæður fyrir þeirri stöðu sem upp er komin. Mikið dregið úr ásetningi á nautgripum á síðustu misserum m.a. vegna þess að verð hefur ekki fylgt kostnaðar myndun við framleiðsluna. Opnað hefur verið á algeran innflutning á nautakjöti nú þegar, til að koma til móts við vöntunina á kjöti. Tekur amk 20 mánuði að koma gripí sláturstærð og því er ekki að vænta mikilla breytinga á innanlandsframleiðslunni, m..a. þar sem ásetningi hefur ekki fjölgað.
Ársins 2013 verður lengi minnst vegna mikilla sviftinga í sölu og framleiðslu á mjólk. Heildarframleiðsla 2013 var 125 milljónir á móti 114 milljónum ltr á fitugrunni. Þá jókst einnig sala á nýmjólk á síðasta ári, í fyrsta sinn í mjög langan tíma, en aukningin nam um 1%. Sala á próteingrunni hefur á síðustu árum aukist um 1% á ári og á fitu um 2%, en síðasta ár tók steinin úr og var fitusöluaukningin þreföld miðað við meðaltöl síðustu ára.
Búið er að stofna starfshóp til að fara yfir stöðu mjólkur og nautakjötsframleiðslunnar á vegum ráðuneytis, sem á að koma með tillögur til næstu framtíðar. Þarf að nálgast þessa stöðu af miklli yfirvegum og auðmýkt.
Þakkar fyrir góða samskipti við stjórn Beint frá býli.
Gunnþórun Einarsdóttir frá Matís. Matís er að vinna mikið með smáframleiðendum og síðast liðið haust fórum við með nokkra smáframleiðendur til Svíþjóðar á matarkeppni Eldrimner í svíþjóð, en nokkrir af íslensku þátttakendum unnu til verðlauna í keppninni.
Verið er að undirbúa á vestfjörðum keppni smáframleiðenda á Patreksfirði sem á að vera í haust. Matís mun halda norðurlandakeppni í Rvk 14. Nóvember á vegum norðmaticfood. Ísland er með formennsku í norrænu ráðherranefndinni. Tveggja mánaða verkefni í gangi núna um að hjálpa smáframleiðendum að þróa og vinna vörur.
4. Skýrsla stjórnar. Guðmundur Jón fór yfir verkefni félagsins frá síðasta aðalfundi ásamt því að hann rakti þróun og gang heimavinnslu og heimasölu bænda. Gisting er nú orðin einn af þeim liðum sem vöruflokkur og í umræðu er að setja inn voruflokkinn lífrænar vörur. 79% félaga eru búin að vera 3 ár eða lengur á móti 3% innan við 3ár. Sífellt fleiri félagar eru að hafa meiri tekjur af sinni vöru eða allt að 60% milli ára.
Í Könnunni kom fram að margir félagar fá aldrei fyrirspurnir og er það nú í vinnslu að finna út úr því afhverju það er. Til að fá póstinn þurfa menn að vera með rétt netfang þannig að við hvetjum hvern og einn til að skoða sína síðu og láta vita ef þeir eru ekki með rétt netfang skráð.
Flestir eru að selja vörur sínar beinni sölu og um 90% vilja selja vörur sínar eint af bæ. 50% félagsmanna eru nú að selja vörur sínar gegnum vefsíðu bfb. Svörunin var um 57% eða 70-80% raunsvörun þeirra sem eru að selja á annað borð.
Fáir eru að selja almennt á marköðum.
Þeim fjölgar alltaf sem eru að fá gæðamerki, en til að fá það þarf auk almennra skilyrða að vera snyrtileg og góð aðkoma heim að bænum.
Félagar eru svo til jafnmargir. En að auki þá eru nýir félagar sem koma inn flestir að koma með fullþróaða vöru og verða því strax mjög virkir félagar.
Á síðasta aðalfundi var áhveðið að hætta þátttöku í sameiginlegum bæklingi með ferðaþjónustu Bænda. Nú höfum við gert rafbækling á heimasíðunni.
Neytendur eru í auknum mæli að kalla eftir aukinni fjölbreytni í sölu á matvörum.

Formaður rakti aðeins breytingar á eftirliti Matvælastofnunnar en MAST tók alfarið yfir eftirlit með smálframleiðendum í mjólkurframleiðslu. Hefur Stjórn átt í nokkrum samskiptum við MAST vegna þessa og er von til að við höfum nú fundið flöt til að vinna útfrá með MAST.

Stjórn átti fund með formanni Bændasamtakanna og einnig Ráðherra landbúnaðarmála um samskipti við MAST.

BFB er með bása í mjóddinni sem félagsmönnum er heimillt að nýta.

BFB styrkti gerð þáttanna hið Blómlega bú sem sýndir hafa verið á stöð 2.

Ekki er komin niðurstaða í umsókn um fjárframlag frá ríkinu.

Framundan er að leggja aukin kraft í gæðamál og ýmindarvinnu. Afhverju eru ekki allir með gæðamerki er ein algengasta spurning sem formaður fær. Þurfum að stefna að því að gæði, ýmind, öryggi og rekjanleiki verði aðalsmerki BFB.

Stærsta mál bfb er nú að vinna að því að matvælaeftirlitið verði samræmt milli eftirlitsmanna um allt land.

Þakkar fyrir góðan stuðning landbúnaðarráðuneytis við félagið á liðnum árum, sem og stjórnarmönnum og félagsmönnum fyrir gott samstarf á árinu ásamt öllum þeim aðilum sem félagið hefur átt samskipti við.

5. Þórarinn Sveinsson mjólkurverkfræðingur og starfsmaður hjá SASS, flutti erindi: Borgar sig að stunda heimavinnslu á landbúnaðarafurðum á Íslandi?
Jón Trausti Kárason, hönnuður hjá kjötiðnaðarsetri Marel í Hafnarfirði, fluti erindi: Eru lítil/færanleg sláturhús raunhæfur valkostur?
Íris Ólafsdóttir, verkfræðingur frá Velbú flutti erindi: Dýravelferð - Sjónarmið neytenda.
6. Reikningar félagsins 2013. Heidi gjaldkeri fór yfir ársreikning síðasta árs. Tekjur voru kr 7549.626 og gjöl kr 6455.412, hagnaður fyrir fjármagnsliði því 1094.214. Þá kynnti hún fjárhagsáætlun 2014. Heidi bar upp tillögu frá stjórn um óbreytt árgjöld.
Tillaga frá stjórn um óbreytt árgjöld var borin upp og samþykkt.
Umræður urðu um skýrslu stjórnar og ársreikninga. Fram kemur í fjárhagsáætlun að ekki er gert ráð fyrir neinum styrkjum til rekstur félagsins. Í ljósi þess er stjórn hvött til að leita til fleyri aðila um rekstrarstyrk, eins og t.d. Bændasamtaka Íslands.
Reikningar bornir upp til atkvæða og samþykktir samhljóða.
7. Stjórnarkjör. Ekki er kosið til stjórnar og vara stjórnar á þessu ári.
8. Kjör skoðunarmanna. Skoðunarmenn voru kjörnir Guðrún Sigurjónsdóttir og Júlíus Már Baldursson til eins árs.
9. Önnur mál.
Eirný leggur til að við fjölgum styrktarfélögum og að með því að fólk gerist styrktarmedliðir, fái fólk fréttabréf auk auglýsingar um það sem er að koma af nýjum vörum eða tilboðum frá framleiðendum. Búið er að gera nýja facebook síðu.

Tillaga frá stjórn: Tillaga að breytingum á samþykktum Beint frá býli

6. grein

Aðalfund félagsins skal halda fyrir apríllök ár hvert. Skal fundurinn auglýstur opinberlega og jafnframt boðaður öllum félagsmönnum skriflega með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Sérhver félagsmaður (forsvarsmaður lögaðila, ef um slíkan er að ræða) fer með eitt atkvæði á aðalfundi. Aðalfundur er lögmætur sé hann sannanlega auglýstur með löglegum fyrirvara. Reikningsárið er almanaksárið.

Dagskrá aðalfundar:

1. Fundarsetning.
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Ávörp gesta.
4. Erindi:
5. Skýrsla formanns (stjórnar) félagsins um starfsemi á liðnu ári..
6. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár lagðir fram til afgreiðslu.
Umræður um skýrslu formanns og reikninga.
7. Breytingar á samþykktum BFB.
8. Kosning aðalstjórnar og varastjórnar.
9. Kosning tveggja skoðunarmanna.
10. Árgjald ákveðið.
11. Önnur mál sem félagið varðar.

Ný grein

6. grein

Aðalfund félagsins skal halda fyrir apríllok ár hvert. Skal fundurinn auglýstur opinberlega og með töluþósti. En jafnframt boðaður öllum félagsmönnum skriflega með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara sé um breytingar á samþykktum að ræða. Sérhver félagsmaður (forsvarsmaður lögaðila, ef um slíkan er að ræða) fer með eitt atkvæði á aðalfundi. Aðalfundur er lögmætur sé hann sannanlega auglýstur með löglegum fyrirvara. Reikningsárið er almanaksárið.

Dagskrá aðalfundar:

12. Fundarsetning.
13. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
14. Ávörp gesta.
15. Erindi:
16. Skýrsla formanns (stjórnar) félagsins um starfsemi á liðnu ári..
17. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár lagðir fram til afgreiðslu.
Umræður um skýrslu formanns og reikninga.
18. Breytingar á samþykktum BFB.
19. Kosning aðalstjórnar og varastjórnar.
20. Kosning tveggja skoðunarmanna.
21. Árgjald ákveðið.
22. Önnur mál sem félagið varðar.

Umræður og borið upp til atkvæða, samþykkt.

Þórgímur kom og gerði grein fyrir nýsamþykktum reglum um niðurgreiðslur á þáttökugjöldum á almennum matarmörkuðum, sem þriðji aðili stendur að.

- 1 *Allir skuldlausir félagar eiga rétt á að sækja um niðurgreiðslu á þáttökugjaldi á almennum matarmörkuðum sem þriðji aðili stendur að, enda hafi þeir tilskilin leyfi til framleiðslu á matvælum.*
- 2 *Almennur matarmarkaður sem þriðji aðili stendur að er t.d. matarmarkaður Búrsins, markaður á bæjarhátíðum, samkomur sem félagasamtök eða hver annar skipuleggur matarmarkað þar sem krafist er þáttökugjalds.*
- 3 *Samþykkt niðurgreiðsla gerir BFB ekki á nokkurn hátt ábyrgan fyrir framkvæmd markaðarins.*
- 4 *Samþykkt niðurgreiðsla gerir BFB ekki á nokkurn hátt ábyrgan fyrir BFB féлага komi til kvörtunnar vegna hátternis, framkomu eða gallaðra vöru sem boðin er til sölu á viðkomandi markaði.*
- 5 *Stjórn BFB ákveður hverju sinni hvort niðurgreiða eigi þáttökugjald á markaði og hver upphæðin er.*

- 6 *BFB samþykkir á stjórnarfundum að niðurgreiða þátttökugjald á markaði og skulu allir skuldlausir félagar eiga rétt á niðurgreiðslum á þeim markaði, saman ber reglu nr 1. Tilkynning skal send á póstlista félagsins ásamt eyðublaði þar sem BFB félagar skulu sækja um niðurgreiðsluna og senda til baka á formann BFB.*
- 7 *Samþykki stjórn BFB að standa að eða vera beinn þátttakandi í matarmarkaðshaldi, gilda þessar reglur ekki, heldur verða settar sér reglur.*
- 8 *BFB félagi fyrirgerir sér rétti til niðurgreiðslna, verði hann uppvís að óviðeigandi háttvísi, selji útrekað gallaðar vörur eða missi framleiðsluleyfi.*

Samþykkt á stjórnarfundum 12. Apríl 2014.

Hugmynd um að félagsmönnum væri sendur tölvupóstur með upptalningu á því hvaða upplýsingar komi fram á heimasíðum.

Hugmynd um að samhliða matarmarkaði Búrsins verði einhverskonar kynningarfyrirlestrar í boði til að kynna eitt og annað sem tengist smáframleiðslu á matvælum.

Hanna kynnti skoðunnarkönnun sem hún gerði sl haust meðal félagsmanna BFB.

Ekki meira rætt á fundum. Fundum slitið kl. 18:20